

Nd.

64. Nefndarálit

[7. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarpið var tekið fyrir og rætt á einum fundi í nefndinni. Eins og fyrir-sögn frv. ber með sér, er ákvæði frv. einungis það að heimila ríkisstjórninni að auglýsa, að samningur sá, sem undirritaður var um þetta efni á milli allra Norðurlandanna hinn 23. marz s. l., skuli taka gildi.

Var nefndin einróma sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. okt. 1962.

Gísli Jónsson, Birgir Finnsson, Hannibal Valdimarsson.
form., frsm. fundaskr.

Matthias Á. Mathiesen. Valtýr Guðjónsson.